

Alþingi  
Erindi nr. Þ 128/1932  
komudagur 3.3.2003

Egilsstöðum 3. mars 2003

Nefnarsvið Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Innan Heilbrigðisstofnunar Austurlands hefur verið fjallað um Frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 538. mál.


Það eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpið að hálfu stofnunarinnar.

Því er fagnað að með frumvarpinu er mörkuð skýr stefna sem fellur vel að þeirri hugmyndafræði sem unnið hefur verið eftir hér á Austurlandi um árabíl. Hún er sú að efla þjónustu við fatlaða í heimabyggð þeirra hvers og eins og auka þekkingu og skilning sem víðast í samfélaginu á eðli fötlunar og úrræðum er lúta að henni.

Með því að Greiningar- og ráðgjafarstöðin greinir vandann í upphafi, leggur á ráðin um meðferð og þjónustu auk þess að veita fræðslu og sinna eftirliti og virkja sem mest heimþjónustu hinna fötluðu byggist upp þekking og þjónusta á hverjum stað og á hverju svæði þar sem fatlaðir búa. Þjónusta við þá sem við mesta fötlun búa krefst sérþekkingar og er best sinnt með nánu samstarfi stöðvarinnar og heimþjónustunnar.

Þakkað er fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar.

Virðingarfyllt



Stefán Þórarinnsson